



Reglur um val og útnefningu heiðursborgara Hveragerðisbæjar

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt með einróma samþykkt að útnefna sérstakan heiðursborgara Hveragerðisbæjar.

2. gr.

Bæjarstjórn getur útnefnt hvern þann íbúa, fyrrverandi sem núverandi, sem heiðursborgara sveitarfélagsins.

3. gr.

Við útnefningu skal hafa hliðsjón af störfum viðkomandi einstaklings í þágu sveitarfélagsins og/eða afrekum í þágu lands og þjóðar. Meðal annars skal horfa til þess að viðkomandi einstaklingur hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið, störf og framganga hafi verið til fyrirmyndar og til eftirbreytni og að viðkomandi hafi stuðlað að jákvæðri ímynd sveitarfélagsins.

4. gr.

Bæjarstjórn skal vera einhuga við val á heiðursborgara.

5. gr.

Bæjarstjórn skal fara með val á heiðursborgara sem trúnaðarmál fram að heiðrun viðkomandi, þó skal nánustu ættingjum væntanlegs heiðursborgara gert kunnugt um valið.

6. gr.

Heiðursborgari skal heiðraður við hátíðlega athöfn, s.s. við opinbera hátíð eða stórafmæli viðkomandi.

7. gr.

Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart sveitarfélaginu sem slíkur.

8. gr.

Sveitarfélagið hefur eftirfarandi skyldur gagnvart heiðursborgara:

- Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum Hveragerðisbæjar sbr. eftirfarandi
 - Setningu Blómstrandi daga ár hvert
 - Útnefningu á fegursta garði Hveragerðisbæjar ár hvert
 - Viðburði í tengslum við afmæli bæjarins
 - Aðra viðburði eftir ákvörðunum bæjarráðs
- Heldur nöfnum heiðursborgara með titlinum heiðursborgari á lofti við tilhlýðileg tækifæri.

9. gr.

Bæjarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverjir sátu þá í bæjarstjórn og hvað lá til grundvallar heiðrun.

10. gr.

Bæjarstjórn á hverjum tíma er ávallt heimilt að taka ákvörðun um afturköllun eða niðurfellingu heiðursborgaranafnbótar skapist síðar einhverjar þær aðstæður sem kollvarpa ímynd þess einstaklings sem í hlut á hverju sinni. Í lifanda lífi heiðursborgara skal leita umsagnar viðkomandi áður en endanleg ákvörðun um afturköllun er tekin. Að öðrum kosti er ekki um eiginlega afturköllun að ræða heldur ákvörðun bæjarstjórnar um niðurfellingu nafnbótarinnar. Allt að einu skulu þá skyldur Hveragerðisbæjar gagnvart heiðursborgara falla niður og nafn viðkomandi fjarlægt af lista bæjarstjórnar yfir heiðursborga Hveragerðis.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 12. mars 2026.